

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. .../..

frá [...]

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópupingsins og Leiðtoga ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EBE, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB¹ („grunnreglugerðin“), og einkum 5. og 6. gr. reglugerðarinnar,

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og tengdra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs, og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði²,

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Samkvæmt gr. 7(6) í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 skal Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir kölluð „stofnunin“) framkvæma mat á áhrifum ákvæða viðbótar I (M-hluta) við þessa reglugerð,
- (2) Eftir viðeigandi mat á áhrifum hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði viðbótar I (M-hluta) séu of ströng fyrir loftför sem ekki eru notuð við flutningaflug og sér í lagi loftför sem ekki flokkast sem „flókin vélknúin loftför“,
- (3) Stofnunin telur nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, sér í lagi á viðbót I (M-hluta), til að aðlaga hana mismunandi gerðum loftfara og mismunandi rekstrarháttum,
- (4) Stofnunin telur nauðsynlegt að gera viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir varðandi þau ákvæði sem ekki er raunhæft að koma til framkvæmdar áður en út rennur það tímabil sem aðildarríki geta kosið að beita þeim ekki (28. september 2008), samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, gr. 7(3)(a), hvað varðar loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi,
- (5) Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð byggjast á álitum sem gefið var út af stofnuninni³ samkvæmt gr. 17(2)(b) og 19(1) í grunnreglugerðinni,
- (6) Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru samkvæmt álitum⁴ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með gr. 65(3) í grunnreglugerðinni,

¹ OJ L 79, 19.03.2008, bls. 1.

² OJ L 315, 28.11.2003, bls. 1. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 376/2007 (OJ L 94, 4.4.2007, bls. 18).

³ Álit 02/2008

⁴ (Væntanlegt)

- (7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ætti því að breyta samkvæmt því,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. grein

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. grein er bætt við eftirfarandi liðum (k) og (l):

- (k) Með „ELA1-loftförum“ (ELA í merkingunni „European Light Aircraft“ eða „létt evrópsk loftför“) er átt við eftirfarandi loftför:
- flugvél, sviffflugvél eða knúna sviffflugvél með mestan leyfilegan flugtaksþunga undir 1000kg, sem ekki flokkast sem flókið vélknúð loftfar.
 - loftbelg með hámarksgas- eða loftrúmmál:
 - 3400 m³ hvað varðar loftbelgi knúna heitu lofti
 - 1050 m³ hvað varðar loftbelgi knúna gasi
 - 300 m³ hvað varðar fasta loftbelgi
 - loftskip sem hannað er fyrir mest tvo aðila og hefur hámarksgas- eða loftrúmmál:
 - 2500 m³ hvað varðar loftskip knúin heitu lofti
 - 1000 m³ hvað varðar loftskip knúin gasi
- (l) Meða „LSA-loftförum“ (LSA í merkingunni „Light Sport Aeroplane“ eða „létt sportflugvél“) er átt við flugvélar með:
- mestan leyfilegan flugtaksþunga 600kg, og
 - ofrishaða í landingarham sem samsvarar mest 45 hnúta sýndum flughraða, við mestan leyfilegan flugtaksþunga og mikilvægustu þyngdarmiðju, og
 - sætaþláss fyrir tvo aðila að hámarki, þar með talið flugmann, og
 - einn hreyfil með loftskrúfu, sem ekki er hverfilhreyfill, og
 - óþrýstijafnað farþegarými.

2) Við 3. grein er bætt eftirfarandi liðum, 4, 5 og 6:

4. Þrátt fyrir ákvæði M.A.201(e), M.A.201(i)1, M.A.901 og M.A.904(a)2 getur lofthæfifyrirtæki, sem samþykkt er samkvæmt skilyrðum aðildarríkis, framkvæmt verkefni á sviði áframhaldandi lofthæfis, staðfestingu á lofthæfi og útgáfu og framlengingu á lofthæfistaðfestingarvottorði þegar um er að ræða loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi og ekki teljast til stórra loftfara, og þá aðeins til 28. september 2009.
5. Þegar um er að ræða loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi, skal þrátt fyrir ákvæði M.A.901 lofthæfistaðfestingarvottorð eða jafngilt skjal sem gefið er út samkvæmt skilyrðum aðildarríkis, og í gildi er 28. september 2008, gilda þar til það rennur út eða til 28. september 2009, hvort heldur gerist fyrst. Eftir að vottorð fellur úr gildi er lögbæru yfirvaldi eða lofthæfifyrirtæki, sem hefur viðeigandi samþykki samkvæmt skilyrðum aðildarríkis, heimilt að endurútgefa eða framlengja í eitt skipti lofthæfistaðfestingarvottorð eða sambærilegt skjal til eins árs, ef skilyrði aðildarríkis leyfa. Er vottorð fellur aftur úr gildi er lögbæru yfirvaldi heimilt að endurútgefa eða framlengja í eitt skipti til viðbótar lofthæfistaðfestingarvottorð eða jafngilt skjal til eins árs, ef skilyrði aðildarríkis leyfa. Þegar loftfar sem ekki er notað í flutningaflugi er fært til innan ESB er aðildarríkinu þar sem loftfarið verður skráð óheimilt, þrátt fyrir b-lið M.A.903, að viðurkenna hið fyrra lofthæfistaðfestingarvottorð eða jafngilt skjal þegar það hefur verið gefið út

samkvæmt ofangreindu fráviki frá M.A.901. Í slíku tilfalli skal gefa út nýtt lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt M.A.904.

6. Þrátt fyrir ákvæði b- til e-liðar M.A.302 og aðeins til 28. september 2009, þegar um er að ræða loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi og ekki teljast til stórra loftfara, teljast eftirfarandi skjöl einnig vera samþykkt viðhaldsáætlun ef þau lúta skilyrðum viðkomandi aðildarríkis:
 1. Viðhaldsáætlun sem samþykkt er eða viðurkennd af lögbæru yfirvaldi, eða
 2. tilmæli um áætlun sem gefin eru út af handhafa tegundarvottorðs, eða
 3. viðhaldsáætlun sem gefin er út af lögbæru yfirvaldi.Með þessum skjölum skulu fylgja samsvarandi viðhaldsverkefni flugmanns sem í senn er eigandi, samkvæmt M.A.803.

3) Við 4. grein er bætt eftirfarandi 4. lið:

4. Þrátt fyrir M.A.201(i)2, M.A.502 og M.A.801(b)1 og aðeins til 28. september 2009, hvað varðar loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi og ekki teljast til stórra loftfara, er lofthæfifyrirtæki, sem viðeigandi samþykki hefur hlotið samkvæmt skilyrðum aðildarríkis, heimilt að framkvæma viðhald og afhendingu á loftförum og íhlutum.
Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) og opinber afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð/framleiðsluvottorð) sem gefin eru út þann 28. september 2009 eða fyrr, af viðhaldsfyrirtæki sem samþykki hefur samkvæmt skilyrðum aðildarríkis, skulu teljast jafngild þeim sem krafist er samkvæmt M.A.801 og M.A.802, eins og við á.

4) 1. lið 5. greinar er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

1. Viðhaldsvottar skulu teljast hæfir samkvæmt ákvæðum viðbótar III, nema í þeim tilfellum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, d-lið M.A.801 og M.A.803 í viðauka I og í j-lið 145.A.30 í viðauka II, og IV. viðbæti við viðauka II.
Að auki geta viðhaldsvottar haft réttindi samkvæmt skilyrðum viðkomandi aðildarríkis til 28. september 2009, ef um er að ræða loftför sem ekki eru notuð til flutningaflugs og ekki teljast til stórra loftfara.

5) Lið 3(a) í 7. grein er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- 3(a) ákvæðum I. viðbætist að því er varðar loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi, fyrr en 28. september 2008, fyrir utan:
 - f-lið M.A.201 að því er varðar stór loftför sem notuð eru af flugrekanda í þriðja landi, fyrr en 28. september 2009,
 - i-lið M.A.201, 1. og 2. málsgrein, fyrr en 28. september 2009,

2. grein

Viðauka I (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Við M.1 er bætt eftirfarandi lið, 4(iii):

- 4(iii) þrátt fyrir málsgrein 4(i), þegar um er að ræða loftfar sem ekki er notað í flutningaflugi og er í umsjá lofthæfifyrirtækis sem réttindi hefur hlotið samkvæmt M.A. G-kafla og ekki er undir eftirliti þess aðildarríkis þar sem það er skráð, og aðeins ef um það er samið við skráningarríki áður en viðhaldsáætlun er samþykkt:
 - yfirvald tilnefnt af því aðildarríki sem er ábyrgt fyrir eftirliti með lofthæfifyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla, eða
 - stofnunin, ef lofthæfifyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla er staðsett í þriðja landi.

2) E-lið M.A.201 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (e) Til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt a-lið getur eigandi loftfars gert samning við samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eins og tilgreint er í G-kafla M.A. samkvæmt I. viðbæti. Í slíkum tilvikum tekur fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi á sig ábyrgð á því að ljúka þessum verkefnum á réttan hátt. Eiganda sem ákveður að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi á eigin ábyrgð, án þess að til staðar sé samningur samkvæmt I. viðbæti, er engu að síður heimilt að gera takmarkaðan samning við fyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla um þróun viðhaldsáætlunar og, ef fyrirtækið fer að viðeigandi, samþykktum verklagsreglum, samþykki hennar með óbeinu samþykktarferli eins og lýst er í c-lið M.A.302. Þessi takmarkaði samningur færir ábyrgð á þróun og samþykkt viðhaldsáætlunar yfir á fyrirtækið sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla og samið er við.

3) Í i-lið M.A.201 er orðunum „annan rekstur“ skipt út fyrir „annan atvinnurekstur“.

4) Í a-lið M.A.202 er orðunum „skal tilkynna skráningarríkinu“ skipt út fyrir „skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í skráningarríkinu“.

5) M.A.302 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.302 Viðhaldsáætlun

- (a) Halda skal sérhverju loftfari við samkvæmt viðhaldsáætlun.
- (b) Lögbært yfirvald sem skilgreint er í M.1, 4. málsgrein, skal samþykkja viðhaldsáætlun og síðari breytingar á henni.
- (c) Annist fyrirtæki sem hlotið hefur réttindi samkvæmt M.A. G-kafla stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlun og breytingar á henni með samþykktarferli (hér á eftir nefnt „óbeint samþykki“). Þessu ferli skal fyrirtækið sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla koma á, það skal koma fram í starfsemilýsingu og vera samþykkt af lögbæru yfirvaldi sem ábyrgt er fyrir viðkomandi fyrirtæki. Fyrirtækið sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla skal ekki beita óbeinu samþykki þegar fyrirtækið er ekki undir eftirliti skráningarríkis, nema fyrir liggi samkomulag samkvæmt M.1, málsg. 4(ii) eða 4(iii), eins og við á, sem flytur ábyrgð á samþykkt viðhaldsáætlunar yfir á aðildarríki fyrirtækisins sem réttindi hefur samkvæmt M.A. G-kafla.
- (d) Í viðhaldsáætlun skal hlíta:
1. leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi sem gefin eru út af handhöfum tegundarvottorðs og viðbótartegundarvottorða, og sérhverju fyrirtæki sem gefur út slík gögn samkvæmt 21. hluta, eða
 2. leiðbeiningum sem gefnar eru út af lögbæru yfirvaldi, ef þær eru frábrugðnar undirmálsgrein 1 eða ef ekki eru til staðar sérstök tilmæli.
- Eiganda eða rekstraraðila er heimilt að leggja til við lögbært yfirvald aðrar leiðbeiningar og/eða viðbótarleiðbeiningar við þær sem skilgreindar eru í 1. og 2. málsgrein. Aðrar leiðbeiningar og/eða viðbótarleiðbeiningar er heimilt að skrá í viðhaldsáætlun þegar þær hafa hlotið samþykki samkvæmt b-lið M.A.302 eða c-lið M.A.302.
- (e) Í viðhaldsáætlun skulu vera nákvæmar upplýsingar um allt viðhald sem framkvæma á og hversu oft það fer fram, þar með talið sértæk verkefni er tengjast sérstökum rekstri.
- (f) Þegar um er að ræða stór loftför og viðhaldsáætlun byggist á:
1. reglum viðhaldsstýrihóps eða
 2. einkum á vöktun ásigkomulags skal felast í áætluninni áreiðanleikaáætlun.
- (g) Viðhaldsáætlun skal endurskoða reglulega og breyta ef þörf krefur. Slík endurskoðun mun tryggja að áætlun sé áfram gild í ljósi reynslu af rekstri, og skal tekið tillit til nýrra og/eða breyttra viðhaldsleiðbeininga sem dreift er af handhöfum

tegundarvottorðs og viðbótartegundarvottorðs, svo og öðrum fyrirtækjum sem gefa út slík gögn samkvæmt 21. hluta.

- (h) Viðhaldsáætlun verður að taka mið af viðeigandi lögbundnum skyldum, sem fjallað er um í skjölum sem gefin eru út af handhafa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykki vegna hönnunar meiriháttar viðgerðar, evrópskrar tækniforskriftarheimildar (ETSO-heimildar) eða annars viðeigandi samþykkis sem telst hafa verið gefið út samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 1702/2003, svo farið sé að skilyrðum í 21. hluta um útgáfu leiðbeininga um áframhaldandi lofthæfi.

6) B-lið M.A.305 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (b) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu samanstanda af, eftir því sem við á, viðhaldsskrá loftfars, skrá eða skráum yfir hreyfítíma, skrá eða skráum yfir notkunartíma loftskrúfu, spjaldskráum fyrir alla íhluti með tiltekinn endingartíma og, þegar þess er krafist fyrir flutningaflug samkvæmt M.A.306 eða af aðildarríki fyrir atvinnuflug annað en flutningaflug, tækniflugbók flugrekanda.

7) Í b-lið M.A.401 er orðinu „og“ bætt við í lok 1., 2. og 3. liðar.

8) Í b-lið M.A.403 er orðunum „skv. 1. eða 2. lið b-liðar M.A.801 eða skv. 145. hluta“ skipt út fyrir „skv. 1. eða 2. lið b-liðar, skv. c- eða d-lið M.A.801 eða skv. 145. hluta“.

9) Í a-lið M.A.501 er orðunum „tilgreint í 145. kafla og F-kafla“ skipt út fyrir „tilgreint í 21. hluta, 145. hluta eða F-kafla M.A.“.

10) M.A.502 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.502 Viðhald íhluta

- (a) Tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki samkvæmt F-kafla eða 145. hluta skulu annast viðhald íhluta.
- (b) Þrátt fyrir a-lið M.A.502 er fyrirtækjum með A-réttindi samkvæmt M.A. F-kafla eða 145. hluta, svo og viðhaldsvottum samkvæmt M.A.801(b)2, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut samkvæmt viðhaldsgögnum loftfars, eða samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það sérstaklega, en aðeins meðan viðkomandi íhlutir eru í loftfari. Engu að síður er slíkum fyrirtækjum með A-réttindi samkvæmt M.A. F-kafla og 145. hluta, eða viðhaldsvottum samkvæmt M.A.801(b)2, heimilt að fjarlægja íhlut tímabundið til viðhalds, til að bæta aðgengi að íhlut, nema í þeim tilvikum sem það orsakar þörf á frekara viðhaldi sem ekki fellur undir ákvæði þessarar undirmálgreinar. Fyrir viðhald á íhlutum sem fram fer samkvæmt þessari undirmálgrein er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað 1 og skal það falla undir skilyrði M.A.801 um afhendingarvottorð.
- (c) Þrátt fyrir a-lið M.A.502 er fyrirtæki með B-réttindi samkvæmt M.A. F-kafla eða 145. hluta heimilt að framkvæma viðhald á íhlut í hreyfil/aukaafstöð í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils/aukaafstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir sérstaklega, samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, en aðeins meðan viðkomandi íhlutir eru í hreyfli/aukaafstöð. Engu að síður er slíkum fyrirtækjum með B-réttindi samkvæmt M.A. F-kafla eða 145. hluta heimilt að fjarlægja íhlut tímabundið til viðhalds, til að bæta aðgengi að íhlut, nema í þeim tilvikum sem það orsakar þörf á frekara viðhaldi sem ekki fellur undir ákvæði þessarar undirmálgreinar.
- (d) Þrátt fyrir a-lið M.A.502 er viðhaldsvottum með réttindi samkvæmt M.A.801(b)2 heimilt að framkvæma viðhald á íhlut meðan hann er í ELA1-loftfari sem ekki er notað við flutningaflug, eða fjarlægður þaðan tímabundið, samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, nema þegar um er að ræða:
1. grannskoðun á íhlutum, öðrum en hreyflum og loftskrúfum.
 2. grannskoðun á hreyflum og loftskrúfum í loftförum sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- eða LSA-loftfara.
 3. grannskoðun á hreyflum og loftskrúfum í CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftförum og flókin viðhaldsverkefni á íhlutum sem skráð eru í VII. viðbæti, nema eigandi loftfars hafi samið um verkáætlun við lögbært yfirvald áður en vinna hefst, og

lögbært yfirvald hafi fullvissað sig um að viðhaldsvottar sem réttindi hafa samkvæmt M.A.801(b)s búi yfir viðeigandi starfsréttindum og nýlegri reynslu, viðhaldsgögnum viðkomandi íhlutar, verkfærum, útbúnaði og efni og hafi aðgang að viðunandi aðstöðu.

Fyrir viðhald á íhlutum sem fram fer samkvæmt þessari málsgrein, M.A.502(d), er óheimilt að gefa út EASA-eyðublað 1 og skal það falla undir skilyrði um afhendingarvottorð samkvæmt M.A.801.

11) M.A.503 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma

Ísettir íhlutir með tiltekinn endingartíma skulu ekki fara yfir samþykkt endingartímamörk sem tilgreind eru í samþykktu viðhaldsáætluninni og lofthæfifyrirmælunum, nema annað sé tekið fram í c-lið M.A.504.

12) B-lið M.A.504 er skipt út fyrir eftirfarandi:

(b) Auðkenna skal ónothæfa íhluti og skulu þeir geymdir á öruggum stað undir eftirliti fyrirtækis sem hlotið hefur samþykki samkvæmt M.A.502, þar til ákvörðun er tekin varðandi framtíð viðkomandi íhlutar. Hvað varðar loftför sem ekki eru notuð við flutningaflug, og ekki teljast til stórra loftfara, er þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan engu að síður heimilt að flytja forræði hans yfir til eiganda loftfars, eftir að hafa lýst hann ónothæfan, svo fremi sem slík tilfærsla er sýnd í viðhaldsskrá loftfars/hreyfils/íhlutar.

13) Í M.A.601, er orðunum „ekki skráð í f- og g-lið M.A.201“ skipt út fyrir „ekki skráð í g-lið M.A.201“.

14) Lið (a)5 í M.A.604 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(a)5. skrá yfir viðhaldsvotta og samþykkt verksvið þeirra, og

15) Við M.A.606 er bætt eftir farandi lið, (h):

(h) Þrátt fyrir g-lið er fyrirtækinu heimilt að notast við viðhaldsvotta sem hlotið hafa réttindi samkvæmt eftirfarandi skilyrðum þegar um er að ræða viðhaldsaðstoð við flugrekendur í atvinnuflugi:

1. Ef um er að ræða lofthæfifyrirmæli sem gert er ráð fyrir að séu endurtekin í fyrirflugsskoðunum og kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli, getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er. Fyrirtækið skal þó sjá til þess að flugstjóri loftfarsins hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt lofthæfifyrirmælin samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.
2. Þegar um er að ræða loftfar sem er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er. Hins vegar skal fyrirtækið sjá til þess að flugstjóri loftfarsins hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt tilgreint verkefni samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er. Ákvæði þessa liðar skulu sundurliðuð í verklagsreglu í starfsemilýsingunni.

16) Lið (a)1 í M.A.607 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(a)1. að viðhaldsvottar geti sýnt fram á að þeir uppfylli skilyrði 66.A.(20)b, nema þegar 66. hluti vísar til reglugerðar aðildarríkis en í því tilfelli skulu þeir uppfylla kröfur viðkomandi reglugerðar, og

17) C-lið M.A.607 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(c) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal skrá allar upplýsingar varðandi viðhaldsvotta og halda uppfærða skrá yfir alla viðhaldsvotta og gildissvið samþykkis þeirra.

18) Lið (a)1 í M.A.608 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(a)1. hafa yfir að ráða þeim búnaði og verkfærum sem eru tilgreind í viðhaldsgögnum samkvæmt M.A.609, eða sannprófuðum og jafngildum búnaði og verkfærum sem eru nauðsynleg til dagslegs viðhalds innan gildissviðs samþykkisins samkvæmt handbók viðhaldsfyrirtækisins, og

19) Í M.A.610 er orðinu „viðskiptavinurinn“ skipt út fyrir „fyrirtæki sem biður um viðhald“.

20) A-lið M.A.613 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlut er lokið í samræmi við þennan kafla skal gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhlutinn samkvæmt M.A.802. Gefa skal út EASA-eyðublað 1 nema fyrir þá íhluti sem viðhaldið er samkvæmt b- og d-lið M.A.502 og þá íhluti sem framléiddir eru í samræmi við b-lið M.A.603.

21) M.A.615 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.615 Réttindi fyrirtækisins

Fyrirtækinu er heimilt:

1. Að annast viðhald á sérhverju loftfari og/eða íhlut sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í handbókinni.
2. Að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki sem hefur hlotið viðeigandi samþykki og er undir stjórn fyrirtækis með réttindi samkvæmt M.A. F-kafla, samkvæmt þeim verklagsreglum sem lýst er í handbók viðhaldsfyrirtækis er hlotið hefur beint samþykki hjá lögbærum yfirlögum. Þetta á við um störf sem unnin eru af sérhæfðu þjónustufyrirtæki sem ekki er sjálft með viðeigandi réttindi samkvæmt M.A. F-kafla eða 145. hluta til að framkvæma slík verkefni.
3. Að annast viðhald á öðrum stað, á sérhverju loftfari og/eða íhlut sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, að því tilskildu að þörf sé á slíku viðhaldi annað hvort vegna ónothæfs ástands loftfars eða vegna þess að annast þarf tilfallandi viðhald, samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í starfsemiýsingu.
4. Að gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) að loknu viðhaldi, í samræmi við M.A.612 eða M.A.613.

22) A-lið M.A.703 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(a) Lögbæra yfirvaldið staðfestir samþykkið með útgáfu samþykkisvottorðs sem er að finna í VI. viðbæti. Í starfsemiýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem samþykkt er samkvæmt M.A.704, skal tilgreina umfang þeirra verka sem samþykkið tekur til og tilvísun í:

1. Samþykkt viðhaldsáætlun, eða
2. „grunnviðhaldsáætlun“ og/eða „almenna“ viðhaldsáætlun líkt og lýst er í M.A.709, ef um er að ræða loftfar sem ekki er notað við flutningaflug.

23) Lið (a)3 í M.A.704 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(a)3. starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna sem um getur í a- og c-lið M.A.706, og þegar við á skal sýna hvaða einstaklingar sem falla undir c-lið M.A.706 hafa réttindi til að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt 4. lið a-liðar M.A.711 og f-lið M.A.901, og

24) C-lið M.A.706 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (c) Tilnefna skal einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið fullnægi ávallt ákvæðum þessa kafla. Skal hann eða hún bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

Í starfsemilýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ber fyrirtækinu að tilgreina hverjir ef einhverjir þessara einstaklinga hafa réttindi til að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt 4. lið a-liðar M.A.711 og f-lið M.A.901. Sá einstaklingur eða þeir einstaklingar skulu hljóta vottun þegar lögbært yfirvald hefur viðurkennt þá formlega.

25) A-lið M.A.707 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli samkvæmt I-kafla M.A.

1. Hvað varðar

- öll loftför sem notuð eru við flutningaflug, og
- loftför með meiri leyfilegan flugtaksþunga en 2730kg, að loftbelgjum undanskildum,

skal starfsfólk þetta hafa:

- a. m.k. fimm ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis, og
- b. viðeigandi skírteini samkvæmt 66. hluta, eða jafngild starfsréttindi fyrir viðhaldsstarfsfólk sem viðurkennd eru af aðildarríkinu og eiga við gerð loftfarsins (þegar vísað er til reglugerða aðildarríkis í 66. hluta), eða prófgráðu á sviði flugmála eða jafngildi þessa, og
- c. formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d. stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkt fyrirtækisins.

Þrátt fyrir það sem fram kemur hér að ofan er heimilt að í stað þess skilyrðis sem sýnt er í málsgrein M.A.707(a)1(b) komi fimm ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis til viðbótar við þá reynslu sem þegar er krafist með málsgrein M.A.707(a)1(a).

2. Hvað varðar

- loftför með mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730kg og
- loftbelgi

sem ekki er notast við í flutningaflugi

skal starfsfólk þetta hafa:

- a. að minnsta kosti þriggja ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis og
- b. viðeigandi skírteini samkvæmt 66. hluta eða jafngild starfsréttindi fyrir viðhaldsstarfsfólk sem viðurkennd eru af aðildarríkinu og eiga við gerð loftfarsins (þegar vísað er til reglugerða aðildarríkis í 66. hluta), eða prófgráðu á sviði flugmála eða jafngildi þess, og
- c. viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d. stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkt fyrirtækisins.

Þrátt fyrir það sem fram kemur hér að ofan er heimilt að í stað þess skilyrðis sem sýnt er í málsgrein M.A.707(a)2(b) komi fjögurra ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis til viðbótar við þá reynslu sem þegar er krafist með málsgrein M.A.707(a)2(a).

26) 2. lið b-liðar M.A.708 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (b)2. láta lögbæra yfirvaldinu í té viðhaldsáætlun loftfars og breytingar á henni til samþykkis (nema við eigi óbeint samþykki samkvæmt M.A.302) og fá eiganda loftfars sem ekki er starfrækt í atvinnuskyni afrit af áætluninni,

27) M.A.709 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.709 Skjöl

Samþykkt fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal hafa og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn samkvæmt M.A.401 við framkvæmd verkefna er lúta að áframhaldandi lofthæfi samkvæmt M.A.708. Þegar um er að ræða viðhaldsgögn sem

lögð eru fram af eiganda er aðeins nauðsynlegt að hafa slík gögn þegar samið hefur verið við viðskiptavin af því tagi, að þeirri skyldu undanskilinni að fara að reglum M.A.714.

Til að heimila frumsamþykki og/eða framlengingu á gildandi samþykki fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi án þess að það hafi samning við viðskiptavinum sem falla undir umfang þeirrar starfsemi sem sótt er um, ef um er að ræða loftför sem ekki eru notuð við flutningaflug, skal fyrirtækinu vera heimilt að þróa „grunnviðhaldsáætlun“ og/eða „almenna“ viðhaldsáætlun samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

- „**Grunnviðhaldsáætlun**“: er viðhaldsáætlun sem þróuð er fyrir ákveðna tegund loftfars samkvæmt (eins og við á) skýrslu viðhaldsnefndar (MRB-skýrslu), viðhaldsskipulagsáætlun (MPD) handhafa tegundarvottorðs, samsvarandi kafla í viðhaldshandbók eða öðrum viðhaldsgögnum sem innihalda upplýsingar um tímaáætlun.
- „**Almenn**“ viðhaldsáætlun: er viðhaldsáætlun sem þróa má fyrir svipaðar tegundir loftfara. Slíkar áætlanir skulu byggjast á sams konar leiðbeiningum og grunnviðhaldsáætlun.

Tilvísun í „grunnviðhaldsáætlun“ eða „almenna viðhaldsáætlun“ skal, eins og við á, vera að finna í starfsemilýsingu fyrir áframhaldandi lofthæfi líkt og kveðið er á um samkvæmt M.A.703.

28) M.A.711 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.711 Réttindi fyrirtækisins

(a) Samþykktu fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi er heimilt:

1. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem ekki eru notuð í flutningaflugi og skráð eru á samþykkisvottorðið.
2. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem notuð eru í flutningaflugi ef það er skráð bæði á samþykkisvottorð þess og flugrekandaskirteini.
3. að skipuleggja framkvæmd verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi, innan ramma þess samþykkis sem það hefur fengið, ásamt öðru fyrirtæki sem starfar samkvæmt gæðakerfi þess.
4. að framlengja samkvæmt skilyrðum f-liðar M.A.901 lofthæfistaðfestingarvottorð sem gefið var út af lögbæru yfirvaldi eða öðru fyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A.

(b) Samþykkt fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi getur að auki hlotið samþykki fyrir að framkvæma staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710 og:

1. gefa út viðkomandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það síðar samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í M.A.901(c)2 eða M.A.901(e)2, og
2. beina tilmælum um staðfestingu á lofthæfi til lögbærs yfirvalds aðildarríkis þar sem loftfarið er skráð. Þegar um er að ræða loftbelgi og öll önnur loftför með mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730 kg sem ekki eru notuð við flutningaflug, má aðeins gefa út tilmæli í tengslum við innflutning loftfars frá þriðja landi samkvæmt 21. hluta og M.A.904.

(c) Fyrirtæki þarf að vera skráð í einu aðildarríkjana til að njóta réttinda samkvæmt b-lið.

29) F-lið M.A.712 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

(f) Þegar um er að ræða lítið fyrirtæki sem hlotið hefur réttindi samkvæmt M.A. G-kafla og hefur ekki afskipti af loftförum sem notuð eru við flutningaflug, geta reglubundnar skipulagsúttektir komið í stað gæðakerfis, að þeim tilvikum undanskildum þegar fyrirtækið gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem hafa hærri leyfilegan flugtaksþunga en 2730 kg, önnur en loftbelgi.

Hins vegar skal fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og ekki býr yfir gæðakerfi ekki semja við önnur fyrirtæki um verkefni á sviði áframhaldandi lofthæfis.

30) B-lið M.A.714 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (b) Fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal halda eftir afriti af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það framlengir samkvæmt réttindum 4. liðar a-liðar M.A.711. Ef fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi hefur réttindi samkvæmt b-lið M.A.711 skal það að auki halda eftir afriti af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum og tilmælum sem það gefur út eða, ef við á, framlengir, ásamt með öllum meðfylgjandi skjölum.

31) M.A.801 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.801 Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir loftför

- (a) Gefa skal út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) í samræmi við þennan kafla, að undanskildum afhendingarvottorðum (viðhaldsvottorðum) loftfara sem fyrirtæki skv. 145. hluta gefur út.
- (b) Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) skal gefið út í lok viðhalds áður en flug fer fram. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að allt nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á réttan hátt skulu eftirfarandi aðilar gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð):
1. Viðeigandi viðhaldsvottar fyrir hönd viðhaldsfyrirtækis sem réttindi hefur samkvæmt F-kafla M.A., eða
 2. viðhaldsvottar sem fullnægja kröfum 66. hluta, nema um sé að ræða flókin viðhaldsverkefni sem tilgreind eru í VII. viðbæti, eða
 3. flugmaður sem er í senn eigandi loftfarsins samkvæmt M.A.803.
- (c) Þegar um er að ræða ELA1-loftför sem ekki eru notuð við flutningaflug er viðhaldsvottum með réttindi samkvæmt M.A.801(b)2 heimilt að gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir þau flóknu viðhaldsverkefni sem skráð eru í VII. viðbæti, svo fremi sem eigandi og lögbært yfirvald sættast á verkáætlun áður en verkefni þessi hefjast og lögbært yfirvald hefur gengið úr skugga um að viðhaldsvottar með réttindi samkvæmt M.A.801(b)2 búi yfir viðeigandi starfsréttindum og nýlegri reynslu, viðeigandi viðhaldsgögnum, verkfærum, útbúnaði og efni og hafi aðgang að viðunandi aðstöðu.
- (d) Í ófyrirsjáanlegum aðstæðum þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er völ á samþykktu fyrirtæki eða samþykktum viðhaldsvottum er eiganda heimilt, þrátt fyrir b-lið M.A.801, að leyfa sérhverjum aðila sem hefur í það minnsta þriggja ára viðeigandi reynslu af viðhaldi, og hefur tilskilin réttindi, að framkvæma viðhald samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í D-kafla og afhenda loftfar, svo fremi sem á staðnum er ekkert fyrirtæki sem viðeigandi samþykki hefur samkvæmt þessum hluta eða 145. hluta.
- Eiganda ber að:
1. útvega sér og geyma í skjölum loftfars lýsingu á allri vinnu og starfsréttindum aðilans sem gefur viðkomandi vottorð út, og
 2. tryggja að slíkt viðhald sé yfirfarið og vottað af aðila með réttindi samkvæmt skv. b-lið M.A.801 eða fyrirtæki með réttindi samkvæmt F-kafla eða 145. hluta, við fyrsta tækifæri og innan 7 daga, og
 3. tilkynna þetta til þess fyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla og ber ábyrgð á stjórnun áframhaldandi lofthæfis ef samið hefur verið við það samkvæmt e-lið M.A.201, eða lögbærs yfirvalds ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi, innan 7 daga frá útgáfu viðkomandi vottorðs.
- (e) Ef afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) er gefið út samkvæmt M.A.801(b)2 eða M.A.801(c) er viðhaldsvottum heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, undir beinni og stöðugri stjórn viðhaldsvotta, við framkvæmd viðhalds.
- (f) Á afhendingarvottorði (viðhaldsvottorði) skal koma fram grundvallarlýsing á því viðhaldi sem framkvæmt var, hvenær því var lokið og:
1. heiti og númer samþykta viðhaldsfyrirtækisins með réttindi samkvæmt F-kafla M.A. svo og nafn viðhaldsvotts sem gaf vottorðið út, eða,
 2. þegar um er að ræða afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) samkvæmt M.A.801(b)2 eða M.A.801(c), nafn og (ef við á) skírteinisnúmer viðhaldsvotts sem gaf vottorðið út.
- (g) Ef ekki er hægt að ljúka viðhaldi skal skrá það á afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) áður en það er gefið út, þrátt fyrir ákvæði b-liðar.

- (h) Ekki skal gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) ef vitað er um frávik frá stöðlum sem stofnar flugöryggi í alvarlega hættu.

32) M.A.802 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.802 Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhluti

- (a) Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) skal gefið út í lok viðhalds á loftfarsíhlut samkvæmt M.A.502.
- (b) Notast skal við hið samþykktu afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) sem er EASA-eyðublað 1 fyrir aðildarríkin, nema í þeim tilvikum þegar viðhald á loftfarsíhlutum hefur farið fram samkvæmt b- eða d-lið M.A.502 en í þeim tilvikum skal viðhald fara eftir afhendingarferlinu sem finna má í M.A.801.

33) M.A.803 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.803 Heimild flugmanns sem er í senn eigandi loftfars

- (a) Til þess að teljast flugmaður sem er í senn eigandi loftfars verður viðkomandi að:
1. búa yfir gildu flugskirteini (eða jafngildu skirteini) með viðeigandi tegundar- eða flokksáritun, sem gefið var út eða fullgilt af aðildarríki og
 2. eiga loftfarið, annað hvort sem
 - i. eini eigandinn, eða
 - ii. sameiginlegur eigandi sem er:
 - einn af þeim einstaklingum sem skráðir eru á skráningareyðublað, eða
 - einn af meðlimum lögaðila á tómsundasviði sem ekki starfar í ágóðaskyni, ef lögaðili er tilgreindur sem eigandi í skráningarskjölum og viðkomandi einstaklingur tekur beinan þátt í ákvarðanatöku lögaðila og hefur verið falið af lögaðila að framkvæma viðhald flugmanns sem er í senn eigandi.
- (b) Að því er varðar loftför í einkaeign sem eru einföld að hönnun með mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730 kg, sviffflugvélar, knúnar sviffflugvélar og loftbelgi, er flugmanni sem í senn er eigandi heimilt að gefa út afhendingarvottorð að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins sem er í senn eigandi loftfarsins, eins og tilgreint er í VIII. viðbæti.
- (c) Skilgreina skal umfang viðhalds flugmanns sem er í senn eigandi loftfars í viðhaldsáætlun loftfarsins samkvæmt M.A.302.
- (d) Færa skal afhendingarvottorðið inn í viðhaldsskrár og skulu þar koma fram grundvallaratriði um það viðhald sem fram fór, þau viðhaldsgögn sem notuð voru, hvenær viðhaldi lauk, nafn flugmannsins sem er í senn eigandi og gefur út skirteinið, undirskrift hans og númer flugmannsskirteinis.

34) M.A.901 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.

- (a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út samkvæmt III. viðbæti (EASA-eyðublað 15a eða 15b) að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi og gildir í eitt ár.
- (b) Loftfar undir viðurkenndri viðhaldsstjórn er loftfar sem stakt lofthæfifyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla M.A., hefur haft stöðuga umsjón með undanfarna 12 mánuði og sem hefur verið viðhaldið af samþykktu viðhaldsfyrirtæki undanfarna 12 mánuði. Þetta felur í sér viðhald samkvæmt b-lið M.A.802 og tilheyrandi afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) samkvæmt 2. eða 3. lið b-liðar M.A.801.
- (c) Hvað varðar
- öll loftför sem notuð eru við flutningaflug og
 - loftför sem hafa meiri leyfilegan flugtaksþunga en 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum,

sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, er fyrirtækinu sem annast loftfarið og hlotið hefur réttindi samkvæmt G-kafla M.A. heimilt, ef viðeigandi samþykki er fyrir hendi:

1. að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt M.A.710, og
2. framlengja tvisvar, til eins árs í senn, þau lofthæfistaðfestingarvottorð sem það hefur gefið út ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn. Lofthæfistaðfestingarvottorð skal ekki framlengja ef fyrirtækið veit eða hefur ástæðu til að ætla að loftfarið sé ekki lofthæft.

(d) Hvað varðar

- öll loftför sem notuð eru í flutningaflugi og
- loftför með meiri leyfilegan flugtaksþunga en 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum,

sem ekki eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, eða eru í umsjón fyrirtækis sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. en hefur ekki réttindi til að framkvæma staðfestingu á lofthæfi, skal lögbært yfirvald gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð eftir fullnægjandi mat er byggist á tilmælum fyrirtækis sem viðeigandi réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. sem skilað er með umsókn frá eiganda eða flugrekanda. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram samkvæmt M.A.710.

(e) Hvað varðar

- loftför sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730 kg og
- loftbelgi,

sem ekki er notast við í flutningaflugi,

leyfist sérhverju fyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. og tilnefnt er af eiganda/flugrekanda, ef fyrir liggur viðeigandi samþykki:

1. að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt M.A.710, og
2. framlengja tvisvar, til eins árs í senn, þau lofthæfistaðfestingarvottorð sem það hefur gefið út ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn. Lofthæfistaðfestingarvottorð skal ekki framlengja ef fyrirtækið veit eða hefur ástæðu til að ætla að loftfarið sé ekki lofthæft.

(f) Þegar um er að ræða loftför sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn leyfist fyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A., þrátt fyrir M.A.901(c)2 og M.A.901(e)2, að framlengja tvisvar, til eins árs í senn, lofthæfistaðfestingarvottorð sem gefið hefur verið út af lögbæru yfirvaldi eða öðru fyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. Lofthæfistaðfestingarvottorð skal ekki framlengja eða fyrirtækið veit eða hefur ástæðu til að ætla að loftfarið sé ekki lofthæft.

(g) Þegar um er að ræða ELA1-loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi og falla ekki undir i-lið M.A.201 er lögbæru yfirvaldi einnig heimilt að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð, þrátt fyrir M.A.901(e) og M.A.901(h)2, eftir fullnægjandi mat er byggist á tilmælum viðhaldsvotta samkvæmt skilyrðum 66. hluta og M.A.707(a)2(a), sem skilað er með umsókn frá eiganda eða flugrekanda. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram samkvæmt M.A.710.

Þessu fráviksákvæði skal ekki beitt lengur en tvö ár í röð, þar sem skylt er að á þriggja ára fresti gefi annað hvort lögbært yfirvald eða fyrirtæki með viðeigandi samþykki samkvæmt G-kafla M.A. út lofthæfistaðfestingarvottorð eftir að hafa framkvæmt staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710.

Í öllum tilfellum og til þess að beita þessu fráviksákvæði verður lögbært yfirvald að viðurkenna viðhaldsvotta formlega eftir að hafa sannreynt starfsréttindi þeirra og eftir fullnægjandi framkvæmd staðfestingar á lofthæfi undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

Viðhaldsvottum sem sjá um lofthæfiskoðun skal útvega nauðsynleg gögn og viðunandi húsnæði á viðkomandi stað.

(h) Lögbært yfirvald skal sjálft framkvæma staðfestingu á lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð í eftirfarandi tilfellum:

1. þegar aðstæður benda til þess að til staðar sé möguleg ógnun við öryggi, eða
2. þegar eigandi fer fram á það og um er að ræða loftbelgi eða önnur loftför með mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730 kg, sem ekki er notast við í flutningaflugi.

(i) Auk málgreinar (h) er lögbæru yfirvaldi einnig heimilt að framkvæma sjálft staðfestingu á lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem ekki

er notast við í flutningaflugi þegar loftfar er í umsjá fyrirtækis sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. og staðsett er í þriðja landi.

- (j) Þegar lögbært yfirvald fer sjálft með framkvæmd lofthæfiskoðunar og/eða útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs ber eiganda eða flugrekanda að sjá lögbæru yfirvaldi fyrir:
- þeim skjölum sem lögbært yfirvald þarfnast,
 - viðunandi húsnæði fyrir starfsfólk þess á viðkomandi stað og,
 - ef nauðsynlegt reynist, aðstoð starfsfólks sem hlotið hefur tilskilin réttindi samkvæmt 66. hluta eða jafngildi þess samkvæmt 145.A.30(j)(1) og (2).
- (k) Hvað varðar ný loftför sem framleidd eru innan ESB skal gefa út upphaflegt lofthæfistaðfestingarvottorð ásamt með upphaflegu lofthæfivottorði að skilyrðum 21A.183, 1. málsgreinar uppfylltum. Ekki er krafist lofthæfiskoðunar.

35) A- og b-liðum M.A.904 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

- (a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis skal umsækjandinn:
1. sækja um að aðildarríkið þar sem loftfarið er skráð gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við 21. hluta, og
 2. láta tilhlýðilega samþykkt lofthæfifyrirtæki annast staðfestingu á lofthæfi eða, ef um er að ræða ELA1-loftfar, lögbært yfirvald, og
 3. láta framkvæma allt viðhald sem lofthæfifyrirtækið krefst eða, ef um er að ræða ELA1-loftfar, sem lögbært yfirvald krefst, og er nauðsynlegt svo farið sé að samþykktri viðhaldsáætlun samkvæmt M.A.302.
- (b) Þegar lofthæfifyrirtæki hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við viðeigandi kröfur skal það senda aðildarríkinu þar sem loftfarið er skrásett skjalfest tilmæli um að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð, ef við á.

36) Í b-lið M.B.301 er orðunum „e-lið M.A.302“ skipt út fyrir „c-lið M.A.302“.

37) Í d-lið M.B.301 er orðunum „c- og d-lið M.A.302“ skipt út fyrir „d-, e- og f-lið M.A.302“.

38) Í a-lið M.B.303 er orðunum „Sérhvert lögbært yfirvald“ skipt út fyrir „Hið lögbæra yfirvald“:

39) Við M.B.303 er bætt eftirfarandi lið, (i):

- (i) Til þess að liðka fyrir framkvæmd skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum um tilvik þegar ekki er farið að reglum, sem tilgreind eru samkvæmt h-lið hér að ofan.

40) M.B.606 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.B.606 Breytingar

Lögbært yfirvald skal fara eftir öllum viðeigandi þáttum í upphafsferlinu við allar breytingar á fyrirtækinu sem tilkynnt er um samkvæmt M.A.617.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að setja fram skilyrði fyrir starfsemi viðkomandi fyrirtækis sem réttindi hefur samkvæmt F-kafla M.A. meðan á breytingum stendur, nema það úrskurði að samþykkið skuli ógilda tímabundið.

Hvað varðar allar breytingar á handbók viðhaldsfyrirtækis:

- (a) Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum á handbók viðhaldsfyrirtækis skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar sem tilgreindar eru í handbókinni séu í samræmi við kröfur M-hluta áður en það tilkynnir samþykta fyrirtækinu formlega um samþykkið.
- (b) Þegar um er að ræða óbeint samþykki fyrir breytingum á handbók viðhaldsfyrirtækis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að það hafi nægt eftirlit með samþykki fyrir öllum breytingum á handbókinni.

41) M.B.706 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.B.706 Breytingar

Lögbært yfirvald skal fara eftir öllum viðeigandi þáttum í upphafsferlinu við allar breytingar á fyrirtækinu sem tilkynntar eru samkvæmt M.A.713.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að setja fram skilyrði fyrir starfsemi viðkomandi fyrirtækis sem réttindi hefur samkvæmt F-kafla M.A. meðan á breytingum stendur, nema það úrskurði að samþykkið skuli ógilda tímabundið.

Hvað varðar allar breytingar á starfsemilýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

- (a) Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum á starfsemilýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar sem tilgreindar eru í starfsemilýsingunni séu í samræmi við kröfur M-hluta áður en það tilkynnir samþykktu fyrirtækinu formlega um samþykkið.
- (b) Þegar um er að ræða óbeint samþykki fyrir breytingum á starfsemilýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal lögbæra yfirvaldið tryggja að það hafi nægt eftirlit með samþykki fyrir öllum breytingum á starfsemilýsingunni.

42) Í M.B.901 er „d-lið M.A.902“ skipt út fyrir „M.A.901“.

43) M.B.902 er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

M.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi

(a) Þegar lögbært yfirvald framkvæmir staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt EASA-eyðublaði 15a (III. viðbæti) skal lögbært yfirvald framkvæma staðfestingu á lofthæfi samkvæmt fyrirmælum M.A.710.

(b) Lögbært yfirvald skal hafa yfir að ráða viðeigandi starfsfólki á sviði lofthæfiskoðunar til að framkvæma staðfestingu á lofthæfi.

1. Hvað varðar

- öll loftför sem notuð eru við flutningaflug og
- loftför með meiri leyfilegan flugtaksþunga en 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum,

skal þetta starfsfólk hafa:

- a. að minnsta kosti fimm ára reynslu á sviði áframhaldandi lofthæfis,
- b. viðeigandi skirteini samkvæmt 66. hluta eða prófgráðu á sviði flugmála eða jafngildi þessa og
- c. formlega þjálfun í viðhaldi loftfara, og
- d. stöðu með viðeigandi ábyrgð innan hins samþykktu fyrirtækis.

Þrátt fyrir ofantalin skilyrði er heimilt að skipta út skilyrði málsgreinar M.B.902(b)1(b) fyrir fimm ára reynslu á sviði áframhaldandi lofthæfis til viðbótar við þá sem þegar er krafist samkvæmt málsgrein M.B.902(b)1(a).

2. Hvað varðar

- loftför með mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730 kg og
- loftbelgi,

sem ekki er notast við í flutningaflugi,

skal viðkomandi starfsfólk hafa:

- a. að minnsta kosti þriggja ára reynslu á sviði áframhaldandi lofthæfis og
- b. viðeigandi skirteini samkvæmt 66. hluta eða starfsréttindi viðhaldsstarfsmanns sem viðurkennd eru af aðildarríki fyrir viðkomandi gerð loftfars (þegar vísað er til reglugerða aðildarríkja í 66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugmála eða jafngildi þess, og
- c. viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d. stöðu með viðeigandi ábyrgð innan hins samþykktu fyrirtækis.

Þrátt fyrir ofantalin skilyrði er heimilt að skipta út skilyrði málsgreinar M.B.902(b)2(b) fyrir fjögurra ára reynslu á sviði áframhaldandi lofthæfis til viðbótar við þá sem þegar er krafist samkvæmt málsgrein M.B.902(b)2(a).

(c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir allt starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi starfsréttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

(d) Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að öllum viðkomandi gögnum, eins og tilgreint er í M.A.305, M.A.306 and M.A.401, við staðfestingu á lofthæfi.

(e) Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi skal gefa út eyðublað 15a eftir að staðfestingu hefur verið lokið á viðunandi hátt.

44) Málsgreinum 5.1 og 5.2 í I. viðbæti, „Verksamningur um áframhaldandi lofthæfi“, er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

5.1. Skyldur hins samþykktu fyrirtækis:

1. Að sjá til þess að gildissvið samþykkis þeirra nái yfir viðkomandi tegund loftfars,
2. að fara eftir þeim skilyrðum fyrir að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem fylgja hér á eftir:
 - semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þar með talið áreiðanleikaáætlun ef við á.
 - tilkynna þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætlun) sem heimilt er að framkvæma samkvæmt c-lið M.A.803,
 - sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfars sé samþykkt,
 - afhenda eiganda afrit af viðhaldsáætlun loftfars þegar hún hefur verið samþykkt,
 - skipuleggja tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun loftfarsins,
 - sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,
 - sjá til þess að farið sé að öllum viðeigandi lofthæfifyrirmælum,
 - sjá til þess að viðurkennt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir sem finnast við reglubundið viðhald eða lofthæfiskoðun, eða eigandi tilkynnir um,
 - samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,
 - tilkynna það til eiganda í hvert sinn sem loftfar skal færa til samþykktu viðhaldsfyrirtækis,
 - hafa umjón með öllum tæknilegum skjólum,
 - geyma öll tæknileg skjöl í skjalasafni,
3. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu samkvæmt 21. hluta hljóti samþykki áður en þær koma til framkvæmda,
4. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu samkvæmt 21. hluta hljóti samþykki áður en þær koma til framkvæmda,
5. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfar er skráð ef eigandi kemur ekki með loftfarið til samþykktu viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykktu fyrirtækið hefur krafist,
6. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfar er skráð ef þessi samningur er ekki virtur,
7. að staðfesta lofthæfi loftfarsins, þegar þörf krefur, og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð.
Þegar um er að ræða loftbelgi og öll önnur loftför með mestan leyfilegan flugtaksþunga 2730 kg, sem ekki eru notuð við flutningaflug, skal aðeins gefa út tilmæli þegar loftfar er flutt inn samkvæmt 21. hluta og M.A.904.
8. Að senda innan 10 daga afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem gefin eru út eða framlengd til lögbærs yfirvalds aðildarríkis þar sem loftfarið er skráð,
9. að tilkynna öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
10. að tilkynna lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfar er skráð ef annar hvor aðilinn segir þessum samningi upp.

5.2. Skyldur eiganda:

1. Að þekkja grundvallaratriði hinnar samþykktu viðhaldsáætlunar,
2. þekkja grundvallaratriði M-hluta,
3. að afhenda loftfarið hinu samþykktu viðhaldsfyrirtæki, líkt og samið var um við samþykktu fyrirtækið, á þeim tíma sem samþykktu fyrirtækið krefst,
4. að breyta ekki loftfari án samráðs við samþykktu fyrirtækið,
5. að tilkynna samþykktu fyrirtækinu um allt aukaviðhald sem framkvæmt er án vitneskju og eftirlits hins samþykktu fyrirtækis,
6. að tilkynna samþykktu fyrirtækinu um allar bilanir sem finnast við starfrækslu loftfarsins, með því að færa þær inn í tækniflugbókina,
7. að tilkynna lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem loftfar er skráð ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,

8. að tilkynna lögbæru yfirvaldi aðildarríkis þar sem loftfar er skráð og hinu samþykktu fyrirtæki um sölu loftfarsins,
9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
10. að tilkynna reglulega hinu samþykktu fyrirtæki um flug tíma loftfars og öll önnur notkunargögn, samkvæmt samkomulagi við hið samþykktu fyrirtæki,
11. að færa afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) inn í viðhaldsskrá líkt og lýst er í d-lið M.A.803 þegar flugmaður sem í senn er eigandi framkvæmir viðhald, án þess að farið sé út fyrir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint er í samþykktri viðhaldsáætlun (M.A.803(c)),
12. að tilkynna lofthæfifyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. um sérhvert viðhaldsverkefni sem framkvæmt er af flugmanni sem í senn er eigandi, samkvæmt a-lið M.A.305, eigi síðar en 30 dögum eftir lok viðhaldsverkefnisins.

45) Í 13. reit í 2. málsgrein, HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR AFHENDINGARVOTTORÐ (VIÐHALDSVOTTORÐ) BER AÐ FYLLA ÞAÐ ÚT, í II. viðbæti, „EASA-eyðublað 1“, skal textanum „- tilvísunarnúmer samþykkis samkvæmt F-kafla M.A.“ skipt út fyrir „- afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) samkvæmt M.A.613.“

46) 19. reit í 2. málsgrein, HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR AFHENDINGARVOTTORÐ (VIÐHALDSVOTTORÐ) BER AÐ FYLLA ÞAÐ ÚT, í II. viðbæti, „EASA-eyðublað 1“, er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

19. reitur þegar um er að ræða allt viðhald framkvæmt af fyrirtæki sem hefur réttindi samkvæmt F-kafla M.A. skal haka í reitinn „aðrar reglur tilgreindar í 13. reit“ og yfirlýsing varðandi afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) færð inn í 13. reit.

Eftirfarandi yfirlýsingu um afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) samkvæmt M.A.613 skal færa inn í 13. reit:

„Vottar að nema annað sé tekið fram í þessum reit fór sú vinna, sem tilgreind er í 12. reit og lýst í þessum reit, fram samkvæmt skilyrðum F-kafla M-hluta, og hvað þá vinnu varðar telst hluturinn tilbúinn til afhendingar. ÞETTA ER EKKI AFHENDINGARVOTTORÐ SAMKVÆMT 145. HLUTA.“

Vottunaryfirlýsingin „nema annað sé tekið fram í þessum reit“ á við eftirfarandi tilfalli:

(a) Þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi.

(b) Þegar vikið var frá þeim stöðlum sem krafist er samkvæmt M-hluta.

(c) Þegar viðhald fór fram samkvæmt skilyrðum sem ekki eru í M-hluta. Í því tilviki skal í 13. reit lýst viðkomandi reglugerð ríkis.

Í 13. reit skal tekið fram hvaða tilvik eða samsetning tilvika á við.

47) Á eyðublaði 15b í III. viðbæti, „Lofthæfistaðfestingarvottorð“, skal skipta út reitunum fyrir 1. og 2. framlengingu fyrir eftirfarandi texta:

1. framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn samkvæmt M.A.901 síðasta árið. Loftfarið telst lofthæft við útgáfu.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Nafn fyrirtækis: Tilvísun samþykktar:

2. framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn samkvæmt M.A.901 síðasta árið. Loftfarið telst lofthæft við útgáfu.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Nafn fyrirtækis: Tilvísun samþykktar:

48) Á eyðublaði 15b í III. viðbæti, „Lofthæfistaðfestingarvottorð“, er tilvísun í „reglugerð (EB) nr. 1592/2002“ skipt út fyrir „reglugerð (EB) nr. 216/2008“.

49) Á eyðublaði 15a í III. viðbæti, „Lofthæfistaðfestingarvottorð“, er tilvísun í „reglugerð (EB) nr. 1592/2002“ skipt út fyrir „reglugerð (EB) nr. 216/2008“.

50) Á eyðublaði 15a í III. viðbæti, „Lofthæfistaðfestingarvottorð“, er setningunni „telst lofthæft á útgáfudegi“ skipt út fyrir „telst lofthæft er mat fer fram“.

51) Neðst á eyðublaði 15a í III. viðbæti, „Lofthæfistaðfestingarvottorð“, bætast við tveir reitir fyrir fyrstu og aðra framlengingu þar sem stendur eftirfarandi:

1. framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn samkvæmt M.A.901 síðasta árið. Loftfarið telst lofthæft við útgáfu.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Nafn fyrirtækis: Tilvísun samþykktar:

2. framlenging: Loftfarið er ekki notað við flutningaflug og hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn samkvæmt M.A.901 síðasta árið. Loftfarið telst lofthæft við útgáfu.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Nafn fyrirtækis: Tilvísun samþykktar:

52) Í viðbæti IV, „Samþykkt réttindi“, er 4. og 5. lið skipt út fyrir eftirfarandi texta:

4. A-réttindi merkja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki samkvæmt F-kafla M.A. er heimilt að framkvæma viðhald á loftfari og öllum íhlutum þess (þar með töldum hreyfli/aukaafstöð), í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það sérstaklega, samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, en aðeins meðan viðkomandi íhlutir eru í loftfarinu. Engu að síður leyfist samþykktu viðhaldsfyrirtæki með A-réttindi samkvæmt F-kafla M.A. að fjarlægja íhlut tímabundið til viðhalds, til að bæta aðgengi að íhlutum, nema þegar slíkt orsakar þörf á frekara viðhaldi sem ekki fellur undir ákvæði þessarar málsgreinar. Þetta er framkvæmt að því tilskildu að í starfsemilýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um eftirlit þessu viðvirkjandi sem aðildarríkið getur fallist á. Í hlutanum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkisins.

5. B-réttindi merkja að viðhaldsfyrirtæki með réttindi samkvæmt F-kafla M.A. er heimilt að framkvæma viðhald á hreyfli/aukaafstöð sem ekki eru í loftfari og íhlutum hreyfils/aukaafstöðvar, samkvæmt viðhaldsgögnum hreyfils/aukaafstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það sérstaklega, samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, en aðeins meðan viðkomandi íhlutir eru í hreyfli/aukaafstöð. Engu að síður er viðkomandi viðhaldsfyrirtæki með B-réttindi samkvæmt F-kafla M.A. heimilt að fjarlægja íhlut tímabundið til viðhalds, til að bæta aðgengi að íhlutum, nema þegar slíkt orsakar þörf á frekara viðhaldi sem ekki fellur undir ákvæði þessarar málsgreinar. Í hlutanum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkisins. Viðhaldsfyrirtæki með B-réttindi samkvæmt F-kafla M.A. er einnig heimilt að framkvæma viðhald á hreyfli sem er í loftfari á meðan á aðal- og leiðarviðhaldi stendur, að því tilskildu að í starfsemilýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um eftirlit þessu viðvirkjandi. Í starfsemilýsingu viðhaldsfyrirtækis skulu slíkar framkvæmdir tilgreindar þegar aðildarríki leyfir.

53)VI. viðbæti, „Samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi samkvæmt G-kafla A-páttar í M-hluta“ er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

VI. viðbætur

Samþykkisvottorð Fyrir Fyrirtæki Sem Annast Stjórnun Á Áframhaldandi Lofthæfi Samkvæmt G-Kafla A-páttar Í M-Hluta

AÐILDARRÍKI*

Aðildarríki Evrópusambandsins**

SAMÞYKKISVOTTORÐ

TILVÍSUNARNÚMER: XX.MG.XXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXX)

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 eins og hún er í gildi og með fyrirvara um skilyrðin sem eru tilgreind hér á eftir, vottar aðildarríkið hér með að

[HEITI OG HEIMILISFANG FYRIRTÆKIS]

er fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-hluta A-þáttar í M-hluta til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi þeirra loftfara sem tilgreind eru í meðfylgjandi áætlun, og gefa út tilmæli eða lofthæfistaðfestingavottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710 og með eftirfarandi skilyrðum:

SKILYRÐI

1. Þetta samþykki takmarkast við það sem tilgreint er í hlutanum um gildissvið samþykkis í samþykktri starfsemilýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi samkvæmt G-hluta A-þáttar í M-hluta.
 2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemilýsingu samþykkta lofthæfifyrirtækisins samkvæmt M-hluta.
 3. Þetta samþykki gildir meðan hið samþykkta lofthæfifyrirtæki fer að skilyrðum M-hluta.
 4. Svo fremi sem farið er að framangreindum skilyrðum heldur samþykki þetta gildi sínu um ótakmarkaðan tíma, nema það hafi áður verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað eða það ógilt tímabundið eða afturkallað.
- Sé þetta eyðublað einnig notað fyrir handhafa flugrekandaskírteinis skal bæta númeri flugrekandaskírteinis við tilvísunarnúmer, auk hins staðlaða númers, og 4. skilyrði hér að ofan skal skipt út fyrir eftirfarandi viðbótarskilyrði:
5. Þetta samþykki veitir ekki heimild til þess að starfrækja framangreindar tegundir loftfara. Flugrekandaskírteini veitir heimild til að starfrækja loftfar.
 6. Þegar lofthæfifyrirtækið semur samkvæmt gæðakerfi sínu við einn eða fleiri undirverktaka telst þetta samþykki gilt svo fremi sem viðkomandi undirverktakar uppfylla viðeigandi samningsskyldur.
 7. Lok á gildistíma flugrekandaskírteinis eða tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa samþykki þetta hvað varðar þau loftför sem tilgreind eru í flugrekandaskírteini, nema annað sé skýrt tekið fram af lögbæru yfirvaldi.
 8. Svo fremi sem farið er að framangreindum skilyrðum heldur samþykki þetta gildi sínu um ótakmarkaðan tíma, nema það hafi áður verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað eða það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar:

Endurskoðunarnúmer:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds:

Bls. _ af _

„*Ríki sem ekki er aðildarríki að Evrópusambandinu eða Flugöryggisstofnun Evrópu, eins og við á/**Strikið út ef um er að ræða ríki sem ekki er aðili að ESB eða Flugöryggisstofnun Evrópu“.

Samþykkisáætlun

Heiti fyrirtækis: [HEITI FYRIRTÆKIS]

Tilvísun:

Tegund/raðnúmer /hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Fyrirtæki sem starfa(r) samkvæmt gæðakerfinu
	Já	
	Nei	

Þessi samþykkisáætlun takmarkast við það samþykki sem tilgreint er í starfsemilýsingu sem samþykkt er samkvæmt G-kafla A-hluta í M-hluta.

Tilvísunarnúmer starfsemilýsingar:

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar:

Endurskoðunarnúmer:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds:

Bls. _ af _

EASA-eyðublað 14

54) Í viðbæti VII, „Flókin viðhaldsverkefni“, er fyrstu setningunni skipt út fyrir eftirfarandi setningu:

Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem vísað er til í M.A.502(d)3, M.A.801(b)2 og M.A.801(c):

55) Við viðbæti VII, „Flókin viðhaldsverkefni“, er bætt eftirfarandi liðum:

3. Framkvæmd eftirfarandi viðhalds á strokkhreyflum:
 - (a) Að taka í sundur og setja aftur saman strokkhreyfil í öðrum tilgangi en að:
 - (i) fá aðgengi að strokki/strokksamsetningu,
 - (ii) fjarlægja aftari hlíf („rear accessory cover“) til að skoða og/eða skipta um olíudælusamsetningu, þegar slík vinna felur ekki í sér að fjarlægja innri gíra og setja þá aftur í.
 - (b) Að taka í sundur og setja aftur saman niðurfærslugíra.
 - (c) Málmsuða og háhitalóðning á samskeytum, að undanskildum minniháttar logsuðuviðgerðum á útblásturskerfi sem framkvæmdar eru af logsuðumanni sem hlotið hefur viðurkenni eða samþykki, en sem fela ekki í sér skipti á íhlutum.
 - (d) Röskun á stökum hlutum eininga sem eru seldar sem bekkprófaðar einingar, fyrir utan skipti eða tilfærslu hluta sem yfirleitt er hægt að hafa skipti á eða færa til meðan á notkun stendur.
4. Jafnvægisstilling á loftskrófu, fyrir utan
 - (a) vottun á kyrrujafnvægisstillingu þegar hennar er krafist í viðhaldshandbók,
 - (b) hreyfijafnvægisstillingu á loftskrófum sem eru í loftfari með rafrænum jafnvægisstillibúnaði þegar viðhaldshandbók eða önnur samþykkt lofthæfigögn heimila það.
5. Öll viðbótarverkefni sem krefjast:
 - (a) sérhæfðra verkfæra, búnaðar eða aðstöðu, eða
 - (b) verulegrar samhæfingar sökum þess hve langan tíma verkefnin taka og sökum þátttöku nokkurra aðila.

56) VIII. viðbæti, „Takmarkað viðhald af hálfu flugmanns sem í senn er eigandi“ er skipt út fyrir eftirfarandi texta:

VIII. viðbæti

Takmarkað viðhald af hálfu flugmanns sem í senn er eigandi

Auk þess að uppfylla kröfur M-hluta skal fara að eftirfarandi grundvallarreglum áður en viðhaldsverkefni fer fram samkvæmt reglum um viðhald af hálfu flugmanns sem í senn er eigandi:

Hæfni og ábyrgð

- 1 Flugmaður sem í senn er eigandi ber ætíð ábyrgð á því viðhaldi sem hann framkvæmir.
- 2 Áður en flugmaður sem í senn er eigandi framkvæmir nokkurt viðhaldsverkefni sem telst til viðhalds af hálfu flugmanns sem í senn er eigandi skal hann fullvissa sig um að hann sé nægilega hæfur til að vinna verkefnið. Það er á ábyrgð flugmanns sem í senn er eigandi að kynna sér staðlaðar verklagsreglur fyrir viðhald sem eiga við loftfar hans svo og viðhaldsáætlun loftfars. Ef flugmaður sem í senn er eigandi er ekki nægilega hæfur til að vinna viðkomandi verkefni er honum óheimilt að votta verkefnið.
- 3 Flugmaður sem í senn er eigandi (eða það viðhaldsfyrirtæki með réttindi samkvæmt G-kafla M.A. sem hann hefur samið við) ber ábyrgð á að skrá í viðhaldsáætlun verkefni flugmanns sem í senn er eigandi, samkvæmt þessum grundvallarreglum, og að tryggja að skjalið sé uppfært í tíma.
- 4 Samþykki á viðhaldsáætlun verður að fara fram samkvæmt M.A.302.

Verkefni

Eiganda sem í senn er flugmaður er heimilt að framkvæma einfalda sjónskoðun eða könnun til að kanna almennt ástand og athuga með augljósar skemmdir á burðarvirki, hreyflum, kerfum og íhlutum og hvort þau starfi eðlilega.

Flugmaður sem í senn er eigandi skal ekki framkvæma viðhaldsverkefni þegar verkefnið:

- 1 er ómissandi fyrir öryggi og ljóst er að mistök við framkvæmd hafa stórtæk áhrif á lofthæfi loftfarsins, eða er viðhaldsverkefni sem tengist flugöryggi líkt og tilgreint er í a-lið M.A.402, og/eða
- 2 krefst þess að fjarlægðir séu meiriháttar íhlutir eða meiriháttar samsetning, og/eða
- 3 fer fram samkvæmt lofthæfifyirmælum eða takmörkun á lofthæfi, nema sérstakt leyfi sé gefið fyrir því í lofthæfifyirmælum eða takmörkun á lofthæfi, og/eða
- 4 krefst notkunar sérstakra verkfæra, kvarðaðra verkfæra (að átaksmæli og krestitengitækjum undanskildum), og/eða
- 5 krefst notkunar prófunarbúnaðar eða sérstakra prófana (t.d. prófunar án eyðileggingar (NDT), kerfisprófunar eða virkniprófunar á rafeindabúnaði), og/eða
- 6 samanstendur af sérstökum, tilfallandi skoðunum (t.d. skoðun eftir harða landingu), og/eða
- 7 hefur áhrif á kerfi sem eru ómissandi fyrir blindflug og/eða
- 8 er skráð í viðbæti VII eða er viðhaldsverkefni á íhlut í samræmi við M.A.502.

Í stað framangreindra skilyrða er ekki leyfilegt að beita sveigjanlegri leiðbeiningum sem gefnar eru út samkvæmt „M.A.302(d), Viðhaldsáætlun“.

Sérhvert verkefni sem í flughandbók loftfars er sagt undirbúa loftfar fyrir flug (dæmi: að setja saman vængi sviffluglu, fyrirflugsskoðun) telst verkefni flugmanns, telst ekki vera viðhaldsverkefni flugmanns sem í senn er eigandi og krefst því ekki afhendingarvottorðs (viðhaldsvottorðs).

Framkvæmd viðhaldsverkefna flugmanns sem í senn er eigandi og skjalahald

Viðhaldsgögn sem tilgreind eru í M.A.401 verða alltaf að vera til staðar meðan á viðhaldi stendur af hálfu flugmanns sem í senn er eigandi, og þeim verður að hlíta. Upplýsingar um þau gögn sem vísað er til í viðhaldi flugmanns sem er í senn eigandi verða að koma fram á afhendingarvottorði (viðhaldsvottorði) samkvæmt d-lið M.A.803.

Flugmaður sem í senn er eigandi verður að tilkynna lofthæfifyrirtæki sem réttindi hefur samkvæmt G-kafla M.A. (ef við á) um viðhaldsverkefni sem framkvæmt er af flugmanni sem í senn er eigandi, eigi síðar en 30 dögum eftir lok viðhaldsverkefnisins, samkvæmt a-lið M.A.305.

3. grein

Viðauka II (145. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1) Í viðbæti II, „Samþykkt réttindi“, er 4. og 5. lið skipt út fyrir eftirfarandi texta:

4. A-réttindi merkja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki samkvæmt F-kafla M.A. er heimilt að framkvæma viðhald á loftfari og íhlutum þess (þar með töldum hreyfli/aukaafstöð), í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það sérstaklega, samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, en aðeins meðan viðkomandi íhlutir eru í loftfarinu. Engu að síður er samþykktu viðhaldsfyrirtæki með A-réttindi samkvæmt F-kafla M.A. heimilt að fjarlægja íhlut tímabundið til viðhalds, til að bæta aðgengi að íhlut, nema þegar slíkt orsakar þörf á frekara viðhaldi sem ekki fellur undir ákvæði þessarar málsgreinar. Þetta er framkvæmt að því tilskildu að í starfsemilýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um eftirlit

Þessu viðvirkjandi sem aðildarríkið getur fallist á. Í hlutanum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkisins.

5. B-réttindi merkja að viðhaldsfyrirtæki með réttindi samkvæmt F-kafla M.A. er heimilt að framkvæma viðhald á hreyfli/aukaafstöð sem ekki er í loftfari og íhlutum hreyfils/aukaafstöðvar, samkvæmt viðhaldsgögnum hreyfils/aukaafstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það sérstaklega, samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, en aðeins meðan viðkomandi íhlutir eru í hreyfli/aukaafstöð. Engu að síður er viðkomandi viðhaldsfyrirtæki með B-réttindi samkvæmt F-kafla M.A. heimilt að fjarlægja íhlut tímabundið til viðhalds, til að bæta aðgengi að íhlutum, nema þegar slíkt orsakar þörf á frekara viðhaldi sem ekki fellur undir ákvæði þessarar málsgreinar. Í hlutanum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkisins. Viðhaldsfyrirtæki með B-réttindi samkvæmt F-kafla M.A. er einnig heimilt að framkvæma viðhald á hreyfli sem er í loftfari meðan á aðal- og leiðarviðhaldi stendur, að því tilskildu að í starfsemiýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um eftirlit þessu viðvirkjandi. Í starfsemiýsingu viðhaldsfyrirtækis skulu slíkar framkvæmdir tilgreindar þegar aðildarríki leyfir.

4. grein Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar